

14. gr.

Einungis starfsmönnum hitaveitunnar er heimilt að breyta innsigliðum tengihlutum veitunnar.

15. gr.

Eftirlitsmaður hitaveitunnar skal hvenær sem er hafa frjálstan aðgang að öllum búnaði, sem er í sambandi við hana.

Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

16. gr.

14% virðisaukaskattur leggst á alla gjaldskrárliði, jafnframt endurgreiðir ríkissjóður 55% af virðisaukaskatti.

Virðisaukaskattur sem leggst á gjaldskrárliði er því 6,3% (netto).

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 339, 11. september 1992.

Iðnaðarráðuneytið, 1. febrúar 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING

um veitingu leyfis til áætlunarflugs á flugleiðinni Reykjavík – Egilsstaðir – Reykjavík.

Samgönguráðuneytið hefur, með heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir og reglugerð nr. nr. 461 30. desember 1991 um flutningaflug með síðari breytingum, sbr. auglýsingu nr. 523 3. nóvember 1989 um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands, veitt Íslandsflugi hf. leyfi til almenns áætlunarflugs á leiðinni:

Reykjavík – Egilsstaðir – Reykjavík

Leyfi Íslandsflugs hf. til áætlunarferða milli Egilsstaða og Reykjavíkur gildir frá og með 1. mars 1993 til og með 31. desember 1997. Leyfið er bundið þeim takmörkunum annars vegar, að sætaframboð félagsins sé ekki meira en sem nemur 10% af heildarsætaframboði á umræddri flugleið í vetraráætlun og sumaráætlun samkvæmt mati ráðuneytisins og hins vegar að heildarfarþegaflutningar í áætlunarflugi séu ekki meira en 10% af heildarflutningum í áætlunarflugi á flugleiðinni á ársgrundvelli eða þeim hluta ársins, sem flugið er stundað. Heimilt er að farþegar í leiguflugi séu allt að 2% af heildarflutningum á flugleiðinni á sama tímabili.

Samgönguráðuneytið, 1. febrúar 1993.

Halldór Blöndal.

Ólafur S. Valdimarsson.